

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum allt að 25 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektir renni í hafnarsjóð.

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu nr. 15, 31. janúar 1947, með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. apríl 1968.

Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 146 1. júlí 1964, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vopnafjarðarkauptún, nr. 33 25. febrúar 1949.

1. gr.

Kaflar A og B í 4. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

A. Gjald fyrir aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður og fóðurvörur, kornvörur, garðávextir, sykur, vikursteinn og vikurplötur.
2. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Málningarvörur, eldfastur leir, járn og stálvörur, kít, sódi, þakpappi, asbest, haðlyf, sápuvörur, veiðarfæri, pappír, strigavörur, rúðugler, segldúkur, tvistur, matvara ótalin annars staðar.
3. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Gasolía, benzín, brennsluolíur, smurolía, ljósaolía.
4. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Kaffi, kakó, te, brauðvörur, jurtafeiti, smjörliki, ávextir, leirvörur, bækur, niðursuðuvörur eldspýtur, leðurvörur, togleðurvörur, lyfjavörur, vefnaðarvörur, linoleum, gólf- og veggflisar, rafmagnsvörur og efni.
5. flokkur: Gjald kr. 20.00 fyrir hver 100 kg:
Glervörur, glysvarningur, sælgætisvörur, öl, gosdrykkir, tóbaksvörur, áfengi, sportvörur.
6. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Timbur, tunnuefni og aðrar líkar vörur.
7. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hvert teningsfet:
Húsmunir og hljóðfæri.
8. flokkur: Gjald kr. 3.00 á hverja tunnu:
Tómar tunnur.

9. flokkur: Gjald á hvert stykki:
- | | | |
|---|-----|--------|
| Kindur og loðdýr, hvert stk. | kr. | 5.00 |
| Stórgripir, hvert stk. | — | 10.00 |
| Reiðhjól, hvert stk. | — | 5.00 |
| Reiðhjól, vélknúin, hvert stk. | — | 10.00 |
| Dráttarvélar, hvert stk. | — | 100.00 |
| Jeppar og fólksbifreiðar, hvert stk. | — | 150.00 |
| Vörubifreiðir, hvert stk. | — | 200.00 |
| Vinnuvélar, stórvirkar, hvert stk. | — | 250.00 |
| Bátar, opnir, hvert stk. | — | 150.00 |
10. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Allar vörur ótaldar annars staðar.

B. Gjald fyrir brottfluttar vörur.

1. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Fiskur í hvers konar ástandi, síldar- og fiskimjöl, lýsi, kjöt, sjávarafurðir ótaldar annars staðar, mör, tólg, gærur, húðir, ull, ullarvörur, dúnn og fiður.
2. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hverja tunnu:
Síld, garnir, hrogn, kjöt í tunnum.
3. flokkur: Minnsta gjald kr. 3.00 fyrir hvert stykki, þótt vörur flokkist undir brottfluttar vörur til staðarins, eða vörur flokkaðar undir aðfluttar vörur flytjist frá staðnum, breytir það engu um vörugjaldið.

2. gr.

Í stað kr. 0.75 í 3. flokki 5. greinar reglugerðarinnar komi kr. 1.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. apríl 1968

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

Nr. 117.

19. apríl 1968.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akraneshöfn, nr. 24 4. febrúar 1963.

1. gr.

2. málsg. 17. greinar orðist þannig:

Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 100 brúttórúmllestir, og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarstjóri lætur skipinu í té.